

## **Umferðarþing - þingsetning 25. nóvember 2004, Óli H. Þórðarson formaður Umferðarráðs.**

Samgönguráðherra, alþingismenn, þingfulltrúar og aðrir góðir gestir.

Verið innilega velkomin á Umferðarþing, sem nú er haldið í sjötta sinn. Frá því að síðasta þing var haldið fyrir tveimur árum hefur sú breyting orðið á að málefni umferðaröryggis hafa verið flutt frá ráðuneyti dóms- og kirkjumála til samgönguráðuneytis. Af þessu tilefni, bestu þakkir til starfsfólks dómsmálaráðuneytis fyrir langa og góða samferð. Velkomið til gifturíks samstarfs, ráðuneyti samgöngumála.

Í umferðaröryggisáætlun okkar Íslendinga er mikil áhersla lögð á að vinna skuli að því að breytni vegfarenda verði ávallt í samræmi við þau góðu viðhorf sem flestir hafa til samferðamanna og til aukins umferðaröryggis. Hluta af þeim 205.918 Íslendingum, eða 70,7 prósent landsmanna sem í dag ganga með ökuskríteini upp á vasann, hættir því miður dálítið til þess að haga sér allt öðruvísi í umferðinni en skynsemin segir þeim. Öll vitum við að hámarkshraðareglur eru miðaðar við bestu aðstæður, en þurfum ekki að vera lengi á ferð til þess að finna að mikill meirihluti ökumanna setur sér eigin hraðareglur, allrýmri en lög leyfa.

Með öðrum orðum, breytnin er ekki í samræmi við viðhorfin góðu. Þessu þurfum við sem þjóð að breyta.

Flest alvarlegustu umferðarslysini verða á vegum utan þéttbýlis. Sé litið til þróunar undanfarna áratugi sést að hlutföll hafa snúist við. Áður létust mun fleiri í slysum í þéttbýli en nú á vegum úti, flestir í árekstrum þar sem bílum er ekið beint framan á hvorn annan, eða í útafakstri. Það er alvarlegt umhugsunarefni hve löggæsla er í raun lítil á þjóðvegum og brýnt að þar verði umtalsverð breyting á til batnaðar. Við beinum því þeim eindregnu tilmælum til fjárveitingavalds og stjórnvalda að sjá til þess að lögreglu verði gert kleift að sinna þessum þætti löggæslu með enn meiri krafti en verið hefur undanfarin ár. Þjóðarnauðsyn kallar.

Afnám strandsiglinga og síaukinn akstur stórra flutningabíla á vegum landsins gerir einnig kröfu til allra þeirra sem hlut eiga að máli að efla þjóðvegallöggæslu og auk þess að taka þar á ný upp markvissar skyndiskoðanir ökutækja, eins og Evróputilskipun segir reyndar til um.

Umferðarþing, sem haldið er í samstarfi Umferðarráðs og Umferðarstofu, er, og á að vera öflugt framlag til bættrar umferðarmenningar á Íslandi. Eins og á fyrri þingum verða hér flutt mörg áhugaverð og spennandi erindi um ýmsa þætti umferðaröryggismála, m.a. mörg af þeim verkefnum sem Rannum, Rannsóknarráð umferðaröryggismála hefur styrkt á liðnum árum. Dagsetning Umferðarþings í ár er engin tilviljun. Í dag, 25. nóvember eru liðin nákvæmlega 10 ár síðan ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, með dómsmálaráðherra og samgönguráðherra í broddi fylkingar, samþykkti að ráðist skyldi í gerð umferðaröryggisáætlunar á Íslandi. Þar með var stigið merkt spor í umferðarsögu landsmanna.

Góðir þingfulltrúar og gestir, Umferðarþing árið 2004 er sett. Við óskum okkur öllum til hamingju með 10 ára afmælið.

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, sem nú heldur á kefli umferðaröryggismála í ríkisstjórn Íslands, tekur til máls. „Umferðaröryggismál á krossgötum”, Sturla, gjörðu svo vel.